

Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

15. mars 2002

Varðar: kjarasamningsákvæði 2.6.9 um greiðslu 25 mínútna á vakt vegna skerðingar á matar- og kaffitímum.

Í bréfi SLFÍ til réttindanefndar BSRB, dags. 31. janúar sl., var óskað eftir því að nefndin tæki til athugunar fyrirspurn frá trúnaðarmanni félagsins við St. Franciskusjúkrahúsið í Stykkishólmi. Tilefnið sé túlkun sem kom upp á sjúkrahúsinu varðandi kjarasamningsákvæði 2.6.9. um greiðslu 25 mínútna á vakt vegna skerðingar á matar- og kaffitímum. Sú túlkun byggist á upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu, sbr. tölvupóstur, dags. 17. janúar sl., sem er meðfylgjandi bréfi þessu. Í tölvupóstinum kemur fram m.a.: „að vaktir þurfi að vera minnst 6 klst. til að greiddar séu 25 mínútur pr. vakt vegna matar- og kaffitíma.“

Réttindanefnd BSRB hefur áður gefið álit sitt á framangreindu ákvæði sem er að 25 mínúturnar eigi að vera greiddar á hverja unna vakt óháð lengd vaktar og að það sé sú framkvæmd sem hefur verið ríkjandi innan BSRB.

Á fundi fulltrúa BSRB með fjármálaráðuneytinu þann 14. mars staðfesti ráðuneytið framangreindan skilning réttindanefndar um að 25 mínúturnar greiðist á hverja unna vakt óháð lengd vaktarinnar.

F.h. réttindanefndar BSRB

Afrit: Gunnar Björnsson skrifstofustjóri Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.